

8 DÆMI ÞAR SEM UNNT ER AÐ MÆLA SPARNAD Á FJÁRMUNUM MEÐ VIÐHALDSSTJÓRNUNARKERFI



Vönduðu viðhaldsstjórnunarkerfi eins og **Maintx** fylgir margvíslegur ávinningur bæði fjárhagslegur, sem unnt er að mæla, og gæðalegur í formi aukinnar ánægju viðskiptavina vegna áreiðanlegri vara og þjónustu. Hér á eftir er farið yfir 8 atriði þar sem unnt er að mæla fjárhagslegan sparnað:

1. Minni tími í rekstrarstöðvanir

Rétt fyrirbyggjandi viðhald minnkar heildartíma rekstrarstöðvana. Þegar framkvæma þarf neyðarviðgerð á tæki, þá er ekki unnt að nota tækið eins og þörf er á þar til búið er að lagfæra það. Að auki er meiri hættu á óvæntum og alvarlegum bilunum ef viðhaldi tækja hefur ekki verið sinnt sem skyldi.

Leggja mat á ávinning viðhaldsstjórnunarkerfisins: Fyrst skilgreinir þú hversu mikill tími fer í óundirbúnað rekstrarstöðvanir í fyrirtækinu árlega. Síðan hversu mikið tekjutap fylgir þessum rekstrarstöðvunum.

2. Hagkvæmara birgðahald varahluta

Með því að nota aðgerðir í viðhaldsstjórnunarkerfinu fyrir varahlutastjórnun er unnt að stýra því að fyrirtækið sé ekki með of miklar eða of litlar varahlutabirgðir. Það að vera ekki með rekstrarlega mikilvæga varahluti á starfsstöð getur truflað reksturinn og verið mjög kostnaðarsamt. Að vera með of miklar varahlutabirgðir er einnig dýrt þar sem þá er verið að festa rekstrarfjármuni í þeim að óþörfu.

Leggja mat á ávinning viðhaldsstjórnunarkerfisins: Áætlaðu hversu miklum tíma fyrirtæki þitt hefur tapað vegna ófullnægjandi varahlutabirgða (framleiðslutafir og óskipulögð varahlutakaup). Legðu svo mat á hvað það kostar fyrirtæki þitt að vera með of stóran varahlutalager í formi, fjármagnskostnaðar, varahluta sem úreldast og virðisrýrnunar.

3. Hagkvæmari innkaup á varahlutum

Viðhaldsstjórnunarkerfi getur lagt mat á birgðastöðu varahluta og sjálfvirkt búið til pöntunarbeiðnir á grundvelli þarfa (skilgreindra viðmiða). Þetta hraðar stjórnun varahluta og minnkar umfangið við pantanir.

Leggja mat á ávinning viðhaldsstjórnunarkerfisins: Hversu mörgum vinnustundum eyðir fyrirtæki þitt á ári við að búa til sértækar varahlutapantanir? Hversu miklum tíma er eytt í umsjón verkefna vegna vörukaupa sem unnt er að einfalda með viðhaldsstjórnunarkerfi?

4. Lægri kostnaður við yfirvinnu

Stjórnun verkbeiðna, sem er einn mikilvægasti kerfishlutinn í viðhaldsstjórnunarkerfi, gefur þér kost á að áætla með nákvæmari hætti vinnustundir (bæði starfsmanna og verktaka), sem minnkar þörfina á óvæntri yfirvinnu. Að auki dregur úr þörfinni á neyðarviðgerðum vegna þess að eignunum er betur viðhaldið, sem auðveldar áreiðanlegri skipulagningu á vinnuþörfinni.

Leggja mat á ávinning viðhaldsstjórnunarkerfisins: Fyrst skilgreinir þú hversu mikið þitt fyrirtæki eyðir í yfirvinnu vegna viðhalds. Síðan áætla þú hversu mikið af þessari yfirvinnu hefði verið unnt að forðast með notkun viðhaldsstjórnunarkerfis.

5. Aukin framleiðni

Aukning í framleiðni er náð með því að hámarka fyrirbyggjandi viðhald. Viðhaldsstjórnunarkerfi eru hönnuð til þess að minnka þann tíma, sem það tekur fyrir starfsmann að framkvæma fyrirbyggjandi viðhald m.a. með því að láta kerfið búa til sjálfvirkt verkbeiðnir. Viðhaldsstjórnunarkerfi hentar einnig afar vel til að úthluta verkefnum til ákveðinna starfsmanna í samræmi við sérþekkingu þeirra.

Leggja mat á ávinning viðhaldsstjórnunarkerfisins: Hversu margar vinnustundir gæti fyrirtæki þitt hafa sparað með viðhaldsstjórnunarkerfi? Hvert er áætlað verðmæti þessara vinnustunda mælt í krónum?

6. Minni þörf á förgun og endurvinnslu

Þegar kemur að framleiðslufyrirtækjum þá geta viðhaldsstjórnunarkerfi hjálpað við að lækka kostnað við förgun og endurvinnslu með því að sjá til þess að tækin starfi með hámarks skilvirkni og koma í veg fyrir alvarlegt tap á eignum.

Leggja mat á ávinning viðhaldsstjórnunarkerfisins: Taktu saman efniskostnað sem þitt fyrirtæki verður fyrir árlega vegna framleiðsluvandamála. Áætlaðu að hvað miklu leyti betur viðhaldinn vélbúnaður hefði getað komið í veg fyrir þessi útgjöld.

7. Sparnaður á orku- og vatnskostnaði

Vel viðhaldnar eignir nota minna af rafmagni og vatni en ella og lækka þar með notkun fyrirtækisins á þessum þáttum. Loftræstikerfi sem er vel viðhaldið vinnur með skilvirkari hætti og bilar sjaldnar.

Leggja mat á ávinning viðhaldsstjórnunarkerfisins: Skoðaðu fjárhæðina sem fyrirtæki þitt notar í heild sinni fyrir orku- og vatnskostnað á ári. Berðu svo saman þá fjárhæð við áætlaðan árlegan kostnað miðað við að allar eignir þínar starfi miðað við hámarks skilvirkni.

8. Lengri líftími eigna

Með fyrirbyggjandi viðhaldi er unnt að lengja líftíma eigna þinna. Viðhaldsstjórnunarkerfi eru hönnuð fyrir fyrirbyggjandi viðhaldsverkefni, sem auðveldar að fara eftir leiðbeiningum framleiðenda um fyrirbyggjandi viðhald.

Lengri líftími eigna er einn mikilvægasti kostur viðhaldsstjórnunarkerfa. Það er þó ekki fyrr en búið er nota viðhaldsstjórnunarkerfi í nokkur ár sem hinn raunverulegi ávinningur þessa verður fyrst sýnilegur.

Leggja mat á ávinning viðhaldsstjórnunarkerfisins: Til þess að meta þetta fjárhagslega getur þú áætlað fjölda ára sem þú reiknar með að lengja líftíma eigna þinna með sjálfvirku fyrirbyggjandi viðhaldi. Þessa lengingu á líftíma er unnt að setja fram sem fjárhæð í krónum samanborið við heildarkostnað við kaup á viðkomandi eign.

Dæmi: Gefum okkur að meðalnotkunartími tækis sé 5 ár og heildarfjárfestingin sé 30 milljónir kr. Dreift jafnt á tímabilið er það 6 milljónir kr. á ári. Ef við getum lengt notkunartímann úr 5 árum í 6 ár er þessari sömu fjárfestingu dreift yfir lengra tímabil eða sem samsvarar um 5 milljónum kr. á ári sem er sparnaður upp á um 17%.

Niðurstöður

Fjárhagslegur ávinningur þess að innleiða viðhaldsstjórnunarkerfi getur borgað mörgum sinnum til baka upphaflegu fjárfestinguna með lægri rekstrarkostnaði og kostnaði við útgjöld vegna kaupa á tækjum. Lykilinn að árangursríkri innleiðingu er metnaður fyrirtækisins þíns og gæði og reynsla þeirra sem sjá um innleiðinguna.

Við hjá Maintsoft ehf erum þrautreynd í að hjálpa fyrirtækjum við að innleiða viðhaldsstjórnunarkerfi og erum alltaf tilbúin að leggja okkur fram við að ná árangri á sviði viðhaldsstjórnunar með Maintx.

Vertu velkominn að hafa samband við okkur til ná ennþá betri árangri!

Maintx er öflug hugbúnaðarlausn til þess að annast stjórnun á viðhaldi á öllum eignum fyrirtækja/stofnana, sem þarfnast þess að viðhald þeirra sé fyrirfram ákveðið og framkvæmt á réttum tíma.

www.maintx.is